



## Fundargerð

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði fimmtudaginn 16. október 2014.  
Fundur hefst kl. 14:00 í Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri.  
Þetta er 376. fundur sveitarstjórnar, 11. fundur ársins 2014.  
Fundargerð er tölvuskrað af sveitarstjóra og er 4 blaðsíður.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.  
Bjarki V. Guðnason boðaði forföll í hans stað mætir Eyrún Elvarsdóttir 1. varamaður D lista.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur sveitarstjóra.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá að við málefnskrá bætist:

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

12. Erindi frá Umf. Ármanni um fjárstuðning, dags.

Fundargerðir til afgreiðslu.

8. Fundargerð menningarmálanefndar 24. september 2014.

Dagskrábreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Sveitarstjóri og oddviti sóttu bæði Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri og fjármálaráðstefnu Sambandsins í Reykjavík. Ársfundur SASS verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri 21. og 22. október n.k.

Sveitarstjóri greinir frá því að bréf hafi borist frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu. Í bréfinu kemur fram að málsmeðferð félagsmálayfirvalda á máli sem upp kom á leikskólanum Kærabæ nú í haust er lokið og að niðurstaða þeirra sé að ekki sé ástæða til frekari afskipta.

Sveitarstjóri greinir einnig frá að leitað hefur verið eftir tilboðum í vinnu við endurskipulagningu innanhúss í Kirkjubæjarskóla. Gert var ráð fyrir þessari vinnu í fjárhagsáætlun 2014.

## Dagskrá

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Drög að samþykktum um byggðasamlag vegna málefna fatlaðs fólks.  
Lögð eru fram drög að samþykktum um byggðarsamlag sem öll sveitarfélögin sem nú mynda þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks standa að.  
*Sveitarstjórn samþykkir drögin og tilnefnir Evu Björk Harðardóttur og Jóhannes Gissurason til að fara með atkvæði Skaftárhrepps á stofnfundi samlagsins 22. október 2014.*
2. Beiðni um umsögn vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar, frá sýslumanninum í Vík dags. 22. júní 2014. Óskað er umsagnar vegna endurnýjunar rekstrarleyfis fyrir Geila ehf., kt. 420502-5160, til



reksturs gististaðar í flokki II, gistihús/veiðihús í Seglbúðum.  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna.*

3. Ósk um samþykki vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðarastrengs frá Búlandi að símsstöð Kirkjubæjarklaustri. Erindi frá Orkufjarskiptum dags. 22. september 2014.  
Meðfylgjandi eru yfirlýsingar milli landeigenda og Orkufjarskipta um heimild til lagningarinnar, einnig eru meðfylgjandi umsagnir Veiðimálastofnunar, Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar og eigenda Geirlandsár.  
*Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti fyrirhugaða lagningu ljósleiðarastrengs og óskar þess að við lagninguna verði gert ráð fyrir að hægt verði að nýta framkvæmdina til fjarskiptatenginga á heimilum sem eru í grennd við lagnaleiðina.*
4. Samþykkt um hunda- og kattahald, fyrri umræða.  
*Lögð eru fram drög að nýrri samþykkt um hunda- og kattahald í Skaftárhreppi.*
5. Erindi frá stjórn Kötlu jarðvangs þar sem óskað er eftir auknu fjárframlagi 2015, skilgreiningu á 25% stöðuhlutfalli hjá sveitarfélaginu sem nýst geti í starfsemi jarðvangsins. Einnig er óskað tilnefningar aðalmanns í stjórn jarðvangsins á grundvelli nýrra samþykktu jarðvangsins.  
*Sveitarstjórn lýsir eindregnum stuðningi við áframhaldi á starfsemi Kötlu jarðvangs og mun taka afstöðu til aukins framlags á árinu 2015 í fjárhagsáætlunargerð sinni. Hvað varðar skilgreiningu á stöðuhlutfalli mun sveitarstjórn leita eftir samstarfi við Vatnajökulshjóðgarð um það þar sem þjóðgarðurinn sér um starfsemi upplýsingamiðstöðvar. Sveitarstjórn í samstarfi við Kirkjubæjarstofu tilnefnir Evu Björk Harðardóttur, oddvita sem fulltrúa í stjórn Kötlu jarðvangs.*
6. Viðauki við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2014 - kjarasamningshækkanir.  
*Viðauki ekki tilbúinn – afgreiðslu frestað til næsta fundar.*
7. Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2015 – 2018, fyrri umræða.  
Lögð eru fram drög að fjárhagsáætlun 2015 - 2018.  
*Sveitarstjórn vísar áætluninni til nánari umræðu nefnda og stofnana sveitarfélagsins.*
8. Ósk um hækkað framlag 2015 frá Friði og frumkröftum, erindi dags. 14. október 2014.  
*Ákvörðun um hækkað framlag verður tekin í vinnu við fjárhagsáætlun 2015.*
9. Styrkbeiðni frá Kirkjubæjarstofu fyrir árið 2015, erindi dags. 13. október 2014.  
*Ákvörðun um framlag verður tekin í vinnu við fjárhagsáætlun 2015.*
10. Aukin fjárveiting til félagsþjónustunnar 2014.  
Óskað er eftir aukinni fjárveitingu til félagsþjónustu vegna vanáætlunar og hækkunar á launakostnaði vegna kjarasamninga sem og vegna aukins stöðuhlutfalls við þjónustuna. Alls er óskað eftir kr. 5.403.000 framlagi á árinu 2014. Framlag Skaftárhrepps er 10,38 % og er því kr. 560.831 kr.  
*Sveitarstjórn samþykkir aukið framlag til félagsþjónustunnar, auknum útgjöldum verði mætt með handbæru fé.*



## Viðauki:

02 Félagsþjónusta hækkun kr. 560.831 - núgildandi áætlun 21.710 þús kr. – áætl. m.viðauka 22.271 þús.kr.

Niðurstaða A-hluta lækkar úr kr. -22.158 þús í kr. -21.597þús.

Viðauki samþykktur samhljóða.

11. Erindi frá Umf. Ármanni þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við félagið.  
*Ákvörðun um framlag verður tekin í vinnu við fjárhagsáætlun 2015.*

## II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 59. fundur íþróttá- og tómsundanevndar, 17. september 2014.  
*- fundargerðin samþykkt.*
2. 2. fundargerð atvinnuálanefndar, 17. september 2014.  
*- fundargerðin samþykkt.*
3. 133. fundur fræðslunefndar, 25. september 2014.  
*- fundargerðin samþykkt.*
4. 105. fundur skipulags- og bygginganevndar, 7. október 2014.  
Skipulagsmál:
  2. Orustustaðir – aðalskipulagsbreyting.  
Sveitarstjórn hefur farið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni eftir auglýsingu og samþykkir þær. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og umsagna, sem bárust, í greinargerð.  
*Sveitarstjórn samþykkir breytingartillögu þessa og felur fulltrúa skipulags- og byggingarmála að senda hana til yfirferðar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.*
  3. Mýrar – stofnun lóðar.  
*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*  
*Fundargerðin í heild samþykkt.*
5. Fundargerð fjallskilanevndar Skaftártunguafréttar, 18. ágúst 2014.  
*- fundargerðin samþykkt.*
6. Fundargerð fjallskilanevndar Skaftártunguafréttar, 23. ágúst 2014.  
*- fundargerðin samþykkt.*
7. 134. fundargerð fræðslunefndar, 13. október 2014.  
*- fundargerðin samþykkt.*
8. Fundargerð menningarmálanefndar, 24. september 2014.  
*- fundargerðin samþykkt.*

## III. Fundargerðir til kynningar.

1. 18. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 22. september 2014. -  
*Fundargerðin kynnt.*
2. Stjórnarfundur Friðar og frumkrafta, 15. september 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
3. 159. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 26. september 2014. - *Fundargerðin kynnt.*



4. 9. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 8. sept. 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
5. 10. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 7. okt. 2014. – *Fundargerðin barst ekki í tíma.*
6. 483. fundur stjórnar SASS, 10. september 2014 - *Fundargerðin kynnt.*  
*Sveitarstjórn fagnar bókun stjórnar SASS í 5. lið fundargerðarinnar um ráðningu verkefnastjóra fyrir verkefnið Brothættar byggðir á Kirkjubæjarklaustri og ítrekar nauðsyn þess að gripið verði til raunhæfra aðgerða til að styrkja stöðu byggðar í Skaftárhreppi. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með verkefnastjórn verkefnisins Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar.*
7. 485. fundur stjórnar SASS, 3. október 2014 - *Fundargerðin kynnt.*
8. 818. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga 12. september 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
9. 819. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga 24. september 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
10. 7. fundur stjórnar Náttúrustofu Suðausturlands, 11. september 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
11. Fundargerð aðalfundar Hulu b.s. 10. september 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
12. Fundargerð stjórnarfundar Hulu b.s. 10. september 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
13. 820. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 8. október 2014. - *Fundargerðin kynnt.*

#### **IV. Annað kynningarefni.**

1. Ályktun frá Skógræktarfélagi Íslands samþykkt á aðalfundi félagsins 15.-17. ágúst 2014.
2. Ályktun samstöðufundar tónlistarskólakennara og stjórnenda tónlistarskóla, 7. okt.2014.
3. Ályktun sex svæðisþinga tónlistarskóla, 12.-.19. september 2014.

#### **V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit**

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 16:30.

Næsti fundur boðaður með dagskrá fimmtudaginn 13. nóvember 2014 kl. 13:00.

---

Eva Björk Harðardóttir.

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

---

Guðmundur Ingi Ingason.

---

Jóhannes Gissurarson.

---

Eyrún Elvarsdóttir.